

**118** til bryggjuvarðar svo fljótt sem unnt er. Á bryggjuvörður heimting á að fá að-  
21. des. gang að farmskrá skipa til að ganga úr skugga um að afgreiðslan fullnægi þessu ákvæði. Leggur bryggjuvörður allar tekjur bryggjunnar í sérstakan sjóð, er nefnist bryggjusjóður og ávaxtast í Sparisjóði Hofshrepps.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár bryggjusjóðs er almanaksárið og skal bryggjuvörður svo oft sem hreppsnefnd krefur og að minnsta kosti tvisvar á ári, afhenda oddvita hreppsnefndar, sem hefir reikningshald sjóðsins, skilagrein fyrir öllu því af tekjum sjóðsins, er honum bar að innheimta.

13. gr.

Bryggjusjóði skal aðeins varið til viðhalds og endurbóta á bryggjunni og tækjum hennar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 400 kr. og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi, sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir samið eftir tillögum hreppsnefndarinnar í Hofshreppi, er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917 til að öðlast gildi 1. janúar 1932 og birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Páll Pálmason.*

**119**  
21. des.

**AUGLÝSING**

um

**bann við umferð bifreiða.**

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 41, 4. júní 1924, og í framhaldi af auglýsingu, dags. 25. nóvember þ. á., vill ráðuneytið enn fremur ákvarða, að banna megi á sama hátt og með sömu skilyrðum og þar getur, einstaka daga

eða nokkra daga í einu frá dagsetningardegi auglýsingar þessarar og til 10. júní 1932, bifreiðumferð um sýsluvegi í Mýrasýslu. 119  
21. des.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1931.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

120  
28. des.

um

Slysatryggingu ríkisins.

1. gr.

Slysatrygging ríkisins stendur undir yfirumsjón Atvinnumálaráðuneytisins.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun til meðstjórnenda tryggingarinnar og fulltrúa atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands skv. 18. gr. slysatryggingarlaganna nr. 72, 8. september 1931.

Þóknun til meðstjórnenda tryggingarinnar greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður við stjórn og rekstur tryggingarinnar af tekjum hennar.

2. gr.

Forstjórn tryggingarinnar er heimilt að fá sér þá aðstoð, er þurfa þykir, meðal annars læknisaðstoð við úrskurðun örorkubóta og dagpeninga.

3. gr.

Slysatryggingin skiptist í tvær deildir, sem halda skal aðgreindum, sjómannatryggingu og iðnatryggingu. Þó má til bráðabirgða taka fé úr sjóði annarar deildarinnar til þess að greiða með halla, sem verða kann í hinni deildinni, en endurgreiða skal það fé, þegar deildin verður þess megnug. Sameiginlegur kostnaður við báðar deildir greiðist af þeim í hlutfalli við upphæð iðgjaldanna.

4. gr.

Skylda tryggingarinnar til slysabóta, er bundin við það, að slysið hafi orðið á starfstíma hins tryggða, sem iðgjald ber að greiða fyrir, og við þá vinnu, er tryggð var, eða beint í þágu hennar.

Til bótaskyldra slysa teljast ekki sjúkdómar, ekki heldur bilanir, sem fram kunna að koma við tryggða vinnu, án þess að nokkurt greinilegt áfall